

Fagháskólanám

Umræðan um fagháskólanám á sér nokkuð langa sögu hér á landi. Erlendar úttektir á vegum OECD hafa bent á brotalamir í framhaldsnámi á sviði starfsmenntunar hér á landi. Í sömu úttekt er bent á að starfs- og tæknimenntun njóti ekki sömu virðingar hér á landi og bóknám. Brotthvarf úr starfs- og tæknigreinum á framhaldsskólastigi sé hátt og tengslin milli framhaldsskóla- og háskólastigs lítil.

Skýrsla starfsnámsnefndar

Í skýrslu starfsnámsnefndar sem skipuð var af menntamálaráðherra 2006 kemur fram að nefndin telji að þarfir bæði atvinnulífs og nemenda fyrir hagnýtu framhaldsnámi skorti. Lagt var til að framhaldsskólum yrði veitt heimild til að setja á stofn „fagháskólanám“ að fengnu leyfi menntamálaráðuneytisins. Tekið var mið af þessari skýrslu við endurskoðun laga um framhaldsskóla árið 2008. Til að mynda er kveðið á um að viðbótarnám við framhaldsskóla geti þegar það á við verið metið í námseiningum háskóla (ECTS einingar) þannig að viðurkenndur háskóli geti samþykkt námið.

Háskólaeiningar

Það var á grundvelli skýrslunnar 2006 og þeirri umræðu sem var á þessum tíma um fagháskólanám sem Sjúkraliðafélagið fer af stað með framhaldsnám sjúkraliða í öldrunarhjúkrun í samvinnu við Fjölbrotaskólann við Ármúla. Námskráin var skrifuð í ECTS einingum (háskólaeiningum) og með aðstoð þáverandi skólameistara FÁ var reynt að fá Háskóla Íslands og Háskólann á Akureyri til samstarfs um námskrána, en þessir skólar höfnuðu því alfarið. Einhverjar iðngreinar sem útskrifa nemendur á 4. hæfniprepi hafa leitað til erlendra háskóla til þessa að tengja námið við háskólaeiningar, en félagið gekk aldrei alla leið með málið, enda afspyrnu lélegt að þurfa að sniðganga íslenska menntakerfi og leita til erlendra háskóla með viðurkenningu.

Niðurstaðan var því sú að breyta þurfti námskránni og háskólaeiningunum breytt í framhaldsskólaeiningar á 4. hæfniprepi. Á þessum árum sem liðin eru hafa um það bil 200 sjúkraliðar útskrifast úr framhalsnámi á 4. hæfniprepi í hinum ýmsu sérgreinum hjúkrunar.

Hvítbók

Mikil vinna fór fram á sínum tíma á vegum mennta- og menningarmálaráðuneytisins um umbætur í starfsmenntun. Verkalýðsfélög voru m.a. kölluð að borðinu. Í þessari vinnu var umræðan um fagháskólastig sífellt háværi. Niðurstaðan speglaðist í útgáfu þáverandi mennta- og menningarmálaráðherra í svo kallaðri Hvítbók, sem kom út um mitt ár 2014 og var ætluð að vera vegvísir til framtíðar í menntunarmálum þjóðarinnar. Mikið var vitnað í Hvítbókina, en fátt gerðist í verki.

Verkefnahópur

Árið 2015 gaf ríkisstjórnin út yfirlýsingu um ráðstafanir til að greiða fyrir gerð kjarasamninga sem fjallar um framhaldsfræðslu og starfsmenntun en þar sagði m.a. „**Tryggt verður fjármagn til að hefja vinnu við að skilgreina fagháskólastig og hvernig það gæti tengst bæði framhalds- og háskólastiginu**“

Þáverandi mennta- og menningarmálaráðherra skipaði verkefnahóp um fagháskólanám þar sem m.a. ASÍ og BSRB áttu sína fulltrúa. Ég var skipuð í hópinn fyrir hönd BSRB, en verkefnahópurinn skilaði af sér tillögum í september 2016.

Í tillögunum er lagt til að farið verði af stað með fagháskólanám, sem þróunarverkefni árið 2017 og a.m.k. 5 mismundandi námsleiðir skilgreindar til þróunar og innleiðingar. Þeim er ætlað að verða fyrirmynd almenns fagháskólanáms varðandi form náms og innihalds.

Skipting verkefna

Skiptingin á verkefnunum var að ASÍ fékk 4 verkefni og BSRB fékk 1 verkefni. Sjúkraliðafélagið lagði mikla áherslu á að fá það verkefni, sem var í boði fyrir BSRB þar sem framhaldsnám sjúkraliða í nokkrum greinum hefur verið í gangi til margra ára eins og áður var getið og félagið lengi barist fyrir því að koma náminu á fagháskólastig. Þetta gekk eftir og félagið fékk „sæti“ BSRB.

Kostnaðarhliðin - Viljayfirlýsingin

Ljóst er að slíkt nám kostar töluvert. Í upphafi var gert ráð fyrir því að ríkið setti 100 milljónir í heildarverkefnið og verkalýðshreyfingin 50 milljónir á móti. Félagið átti þ.a.l. að fá 20 milljónir frá ríkinu og leggja 10 milljónir á móti í einskíptis aðgerð. Skrifað var undir viljayfirlýsingu af fulltrúum menntamálaráðuneytisins og forustumanna ASÍ og BSRB þar að lútandi. Með þessa viljayfirlýsingu að vopni var farið af stað að ræða við háskólana. Við ræddum við Háskóla Íslands, en þar á bæ var verkefninu ekki tekið fagnandi, en skólinn vildi samt styðja við verkefnið en ekki taka það til kennslu. Þá var rætt við Háskólann á Akureyri (en þessir tveir háskólar eru þeir einu sem kenna hjúkrunargreinar) þeir sýndu þessu verkefni strax mikinn áhuga og ekki síst þar sem peningar fylgdu verkefninu. Allir hafa jú heyrt um fjárskortinn sem hrjáir skólakerfið og ekki hvað síst háskólana.

Við vorum því afar bjartsýn og ákveðið var að fara af stað með hjúkrun aldraðra þar sem vaxandi skortur er á sjúkraliðum með þessa sérþekkingu og mun aðeins aukast með fjölgun aldraðra á Íslandi.

Kálið og ausan

En eins og segir í máltækinu ekki er sopið kálið þó í ausuna sé komið. Ríkistjórnin féll og inn kom nýr mennta- og menningarmálaráðherra til starfa sem leit þessi verkefni ekki sömu augum og sá fyrrverandi. Á þessum tímapunkti var búið að sækja formlega um fjármagnið sem átti að fylgja verkefninu til ráðuneytisins. Því var hafnað af hálfu ráðuneytisins.

Hnútur og uppnám

Málið fór í hnút og allt var í uppnámi. Mennta- og menningarmálaráðherrann taldi sig ekki vera skuldbundinn ákvörðunum fráfarandi ráðherra og vildi gera þetta öðruvísi og taldi það m.a. brot á stjórnarsýslulögum það sem gert hafði verið í þessum málum. Það þurfti marga fundi og mörg bréf til að fá það upplýst hvað ráðherrann ætlaði sér með málið. Háskólinn á Akureyri sem séð hafði fyrir sér ágætis meðgjöf með náminu dró sig til baka og vildi hætta við. Ráðherra sagðist hafa skynjað ágreining um málið innan ráðuneytisins og háskólanna. Hann kynnti því erindi með bréfi í júlí s.l. til allra háskóla þar sem skólunum er boðið að sækja um þróunarverkefni vegna fagháskólanáms, alls 13 verkefni sem fá hæst 7,7 milljónir króna í styrk hvert.

Umsóknarferlið

Mjög óljóst var um samráð við atvinnulífið og viljayfirlýsingin ekki nefnd. Málið var komið á byrjunarreit. Félagið pressaði mikið á forráðamenn Háskólans á Akureyri hvað þeir ætluðu að gera. Illa gekk að fá samtal við rektor og við þá sem tengst höfðu málinu. Það fór þó að lokum þannig að Háskólinn taldi sig geta farið af stað með námið

og fékk frest á umsóknardagsetningunni. Í samráði við félagið var síðan send inn umsókn um þróun náms á fagháskólastigi í október s.l.

Enn var skipt um ráðherra

Enn var skipt um ráðherra í mennta- menningarmálaráðuneytinu með nýrri ríkisstjórn og allt sat fast áfram. Nýr ráðherra var skipaður og nú var að vita hvort ráðherranum þóknaðist að koma á fót fagháskólanámi. Loks var það svo 8. janúar s.l. sem bréf kom frá mennta- og menningarmálaráðuneytinu til Háskólans á Akureyri um að ákveðið hafi verið að veita 23,1 milljón króna styrk til náms fyrir sjúkraliða og fyrir diplómanám í sjávarútvegsfræðum. Hvaða hlut sjúkraliðar fá af því er ekki sérstaklega skilgreint. Jafnframt er áréttað að það er skilyrði fyrir styrkveitingunni að háskólinn starfi með fagfélögum, en það voru þau skilyrði sem verkalýðsfélögin settu í upphafi. Að námið væri ekki sett eingöngu upp á forsendum háskólanna, heldur hefðu félögin um námið að segja. Í bréfinu er einnig ítrekað að hér sé eingöngu um að ræða fjármagn til þróunar- og greiningarvinnu og að um einskiptisaðgerð sé að ræða. Kjósi háskólinn að nýta verkefnið til þess að setja á laggirnar námsbraut verður kostnaður við kennslu að rúmast innan fjárhagsramma skólans.

Staðan í dag

Í dag er málið stutt þannig að búið er að skipa Arnrúnu Höllu Arnórsdóttur í stöðu verkefnastjóra með þróunarverkefninu. Eftir alla þessa töf og allan þennan hringdans í kringum þetta mál þá erum við hjá Sjúkraliðafélaginu bjartsýn á að þetta nám verði að veruleika og verði stéttinni til framdráttar og til heilla fyrir okkar skjólstæðinga, með því að geta boðið upp á framhaldsnám í sérgreinum hjúkrunar gerir það sjúkraliðanámið áhugaverðara og eykur eftirspurn nemenda. Því svo sannarlega veitir ekki af, að bæði

fjölga sjúkraliðum og efla sérþekkingu þeirra í málefnum aldraðra og öðrum greinum hjúkrunar.

Að lokum vil ég áréttu mikilvægi þess að verkalýðshreyfingin haldi áfram baráttunni við að hefja verk- og starfsnám til vegs og virðingar, sem það á svo sannarlega skilið og mikilvægi þessara greina verði haldið á lofti. Einnig þarf að tryggja að nægjanlegt fjármagn sé sett í þennan mikilvæga málaflokk.